



## Bæjarstjórn Garðabæjar 4. (882)/2021

Boðað er til 4. (882). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 4. mars 2021 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2102031F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/2 '21.
2. 2102047F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/3 '21.
3. 2102023F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 17/2 '21.
4. 2102013F - Fundargerð leikskólanefndar frá 17/2 '21.
5. 2101447 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 1/3 '21.
6. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 15/2 '21.
7. 2001493 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 6/11 '20.
8. 2102441 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 15/1 '21.
9. 2102249 - Fundargerðir stjórnar SHS frá 24/2 og 26/2 '21.
10. 2101300 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 19/2 '21.
11. 2102108 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 17/2 '21.
12. 2102266 - Tilnefningar á fulltrúum í skólanefnd Fjölbautaskólans í Garðabæ.
13. 2103060 - Tillaga um rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A.

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri

**Bæjarstjórn Garðabæjar**  
**3. (881). fundur 2021**

Fimmtudaginn 18. febrúar 2021 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Guðjón Pétur Lýðsson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 4. febrúar 2021 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2102008F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/2 '21.**

Sigurður Guðmundsson, ræddi 7. tl., bréf Skipulagsstofnunar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna rammahluta um Vífilsstaðaland og lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Með vísan til athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna rammahluta Vífilsstaðalands, sbr. bréf stofnunarinnar, dags. 5. febrúar 2021 samþykkir bæjarstjórn Garðabæjar eftirfarandi tillögu að breytingum á samþykkti tillögu sem nú er til meðferðar hjá Skipulagsstofnun. Tillagan byggir á samkomulagi sveitarfélaganna Kópavogs og Garðabæjar og er unnin í samráði við Skipulagsstofnun með fyrirvara um samþykkt bæjarstjórnar. Tillagan nær einnig til breytinga á samþykkti tillögu að nýju deiliskipulagi norðurhluta Hnoðraholtss.“

Aðalskipulagsbreyting:

Í stað tveggja valkosta á hæðarlegu Vorbrautar neðan við fjölbýlishús í Þorrasöldum í Kópavogi verði ákvæði um að Vorbraut verði sett í stokk á þeim stað eða fundin ný lega við móton deiliskipulags golfvallar- og útvistarsvæðis með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif Vorbrautar á íbúðarbyggð í Þorrasöldum (sett fram í greinargerð í kafla 4.2.5. Göturými og á mynd 35 sem og með táknum fyrir stokk á breytingarupprætti aðalskipulags).

Bætt verði við ákvæði um að við hönnun golfvallar skuli tryggja góða tengingu á milli golfbrauta í Leirdal og í Mýrinni m.t.t. hæðarlegu og golfhringja frá golfskála (sett fram í greinargerð í kafla 4.5.2.2 þar sem fjallað er um Vetrarmýri).

Breyting deiliskipulags:

Í stað tveggja valkosta á hæðarlegu Vorbrautar neðan við fjölbýlishús í Þorrasöldum í Kópavogi verði ákvæði um að Vorbraut verði sett í stokk á þeim stað (sett fram á á deiliskipulagsupprætti og í greinargerð í kafla 2.6.1 Gatnakerfi).“

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 7. tl., Bréf Skipulagsstofnunar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna rammahluta um Vífilsstaðaland og framlagða tillögu. Sara Dögg lagði fram eftirfarandi bókun.

„Bæjarfulltrúar Garðabæjarlistans greiða atkvæði gegn þessari tillögu á þeim forsendum að engin kostnaðargreining liggur fyrir né hver greiði framkvæmdina. Í samkomulaginu við Kópavogsbæ sem hér er lagt fram til afgreiðslu er hvergi minnst á það hvar ábyrgðin liggur þegar kemur að kostnaðinum við framkvæmdina.“

Þá hefur umræðan ekki farið fram eða verið kynnt, um þá mögulegu ákvörðun um að leggja veginn í stokk. Hér er um að ræða ákvörðun sem ríkir mikil óvissa um kostnað og endanlega útfærslu. Krafa okkar er fagleg og ábyrg stjórnsýsla þegar ákvarðanir sem þessar eru teknar.“

Þá ræddi Sara Dögg, 1. tl., frumdragaskýrslu um Borgarlínu og 12. tl., reglur Garðabæjar um skammtimadvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Almar Guðmundsson, ræddi 10. tl., starfsemi búsetuþjónustu fyrir fötluð börn að Sigurhæð 12. Almar þakkaði starfsmönnum á fjölskyldusviði sérstaklega fyrir þeirra þátt við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Þá ræddi Almar 7. tl., bréf Skipulagsstofnunar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna rammahluta um Vífilsstaðaland og 1. tl., frumdragaskýrslu um Borgarlínu

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., frumdragaskýrslu um Borgarlínu.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., frumdragaskýrslu um Borgarlínu.

Guðjón Pétur Lýðsson, ræddi 1. tl., 1. tl., frumdragaskýrslu um Borgarlínu.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., frumdragaskýrslu um Borgarlínu.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., frumdragaskýrslu um Borgarlínu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., frumdragaskýrslu um Borgarlínu.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., frumdragaskýrslu um Borgarlínu.

Tillaga að breytingu á samþykkti tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna rammahluta Vífilsstaðlands og breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðraholti er samþykkt með átta atkvæðum. (SG, ÁHJ, SHJ, GVG, JS, AG, BF, GE) Þrír greiða atkvæði á móti tillöggunni. (SDS, HP, GPL)

Fundargerðin sem er 15 tl., er samþykkt samhljóða.

## 2. 2102024F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/2 '21.

Björg Fenger ræddi 12. tl., samning um Bláfjallarútuna,

Gunnar Einarsson, ræddi 9. tl., bréf Bessastaðasóknar um endurnýjun samnings um æskulýðsstarf.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 11. tl., útboð á þjónustu iðnaðarmanna.

Gunnar Einarsson, ræddi 11. tl., útboð á þjónustu iðnaðarmanna og 13. tl., sölu lóða í Vetrarmýri.

### Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslagi nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga sem gerir ráð fyrir að hæðir húsa við Eskiás 2, 4 og 6 lækki um eina hæð og heimilað verði að fjölgja íbúðum í öðrum húsum sem nemur fækken íbúða vegna lækkunar um hæð. Hámarkshæðir annarra húsa verða óbreyttar. Byggingarreitir lóðanna nr. 8 og 10 breytast þannig að þar verða lokaðir innigarðar. Heildarfjöldi íbúða verður óbreyttur eða 276 íbúðir. (Mál nr. 2102023)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslagi nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna svæðis Grænagarðs (1.09) í Garðahverfi.

Tillagan skal kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga og

svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum þar sem starfandi er slík nefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.

Tillagan skal kynnt samhliða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis. (Mál nr. 2010080)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaða nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á lóðarmörkum og byggingarreitum í Katrínarkoti, Háteigi, Hausastöðum og Pálshúsum, breytti afmörkun Grænagarðs og að skilgreind verði lóð umhverfis númerandi íbúðarhús í Grænagarði. Tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, skal kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt.

Tillagan skal kynnt samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar. (Mál nr. 2010078)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að fram fari grenndarkynning vegna breyttrar tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Sjálands á svæði sparkvallar sem verður þá skilgreint sem leiksvæði, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaða nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum íbúða við Löngulínu 13, 15, 17, 19, 21, 23, 27 og 29 og Vesturbrú 1. (Mál nr. 2004418)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar að Keldugötu 2, samkvæmt 41. gr. skipulagslaða nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemendum og tillöguna með breytingu frá auglýstri tillögu er varðar innkeyrslu lóðarinnar.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaða og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaða. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær. (Mál nr. 2010441)

Fundargerðin sem er 13 tl., er samþykkt samhljóða.

### **3. 2102017F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 10/2 '21.**

Björg Fenger, ræddi 1. tl., kynningu á framkvæmdum við fjölnota íþróttihús, 11. tl., hvatapeninga 2020 og 14. tl., leiðtoga og fyrirmyn dir í kvennaíþróttum í Garðabæ. Björg Fenger upplýsti að hlaupahópur Stjörnunnar hefur hafið undirbúning að Stjörnuhlaupinu vorið 2021.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 4. tl., skýrslu starfshóps varðandi tillögur að heilsueflingu eldri borgara og 14. tl., leiðtoga og fyrirmyn dir í kvennaíþróttum í Garðabæ.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 11. tl., hvatapeninga 2020 og 14. tl., leiðtoga og fyrirmyn dir í kvennaíþróttum í Garðabæ.

Gunnar Einarsson, ræddi 4. tl., skýrslu starfshóps varðandi tillögur að heilsueflingu eldri borgara og þjónustu við íbúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., lýðheilsu- og forvarnastefnu Garðabæjar og 14. tl., leiðtoga og fyrirmyn dir í kvennaíþróttum í Garðabæ.

Guðjón Pétur Lýðsson, ræddi 1. tl., kynningu á framkvæmdum við fjölnota íþróttahús.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 6. tl., tillögu um lýðheilsu ungmenna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., skýrslu starfshóps varðandi tillögur að heilsueflingu eldri borgara.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., kynningu á framkvæmdum við fjölnota íþróttahús og svaraði fyrirspurn.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., kynningu á framkvæmdum við fjölnota íþróttahús, 4., tl., skýrslu starfshóps varðandi tillögur að heilsueflingu eldri borgara, 13. tl., samning um Bláfjallarútuna og 14. tl., leiðtoga og fyrirmyn dir í kvennaíþróttum í Garðabæ.

Fundargerðin lögð fram.

**4. 2102011F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 5/2 '21.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., viðræður við ríkið varðandi endurnýjun samnings um Hönnunarsafn Íslands og 3. tl., vetrarhátíð. Gunnar Valur þakkaði menningarfulltrúa fyrir framkvæmd viðburða á vetrarhátíð í Garðabæ. Þá ræddi Gunnar Valur 6. tl., jazztónleika í tónlistarskólanum fyrir grunnskólabörn og barnamenningarhátíð 2021.

Fundargerðin lögð fram.

**5. 2101057F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 11/2 '21.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., fyrirspurn um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 5. tl., heimili fyrir börn að Sigurhæð 12.

Almar Guðmundsson, ræddi 5. tl., heimili fyrir börn að Sigurhæð 12 og 2. tl., fyrirspurn um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Gunnar Einarsson, upplýsti að SSH er að undirbúa að halda stutta fræðslufundi á næstunni og m.a. um NPA samninga. Þá ræddi Gunnar 2. tl., fyrirspurn um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., fyrirspurn um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 2. tl., fyrirspurn um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Fundargerðin fram lögð.

---

**6. 2102015F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/2 '21.**

Fundargerðin lögð fram.

**7. 2102007F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 10/2 '21.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs og 6. tl., samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir ræddi 1. tl., drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs og 5. tl., skýrslu um þörf fyrir sorpbrennslustöðvar á Íslandi

Gunnar Einarsson, ræddi 5. tl., skýrslu um þörf fyrir sorpbrennslustöðvar á Ísland.

Fundargerðin lögð fram.

**8. 2101064F - Fundargerð öldungaráðs frá 8/2 '21.**

Almar Guðmundsson, ræddi 4. tl., gjaldskrá stuðningsþjónustu, 5. tl., skýrslu starfshóps varðandi tillögur að heilsueflingu eldri borgara.

Fundargerðin lögð fram.

**9. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 1/2 '21.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl. málefni skíðasvæðanna.

Björg Fenger, ræddi 4. tl., málefni skíðasvæðanna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 4. tl., málefni skíðasvæðanna.

Fundargerðin lögð fram.

**10. 2102108 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 20/1 '21.**

Fundargerðin lögð fram.

**11. 2102249 - Fundargerð stjórnar SHS frá 15/1 '21.**

Fundargerðin lögð fram.

**12. 2102176 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 29/1 '21.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 3. tl., samræmda úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu, 5. tl., framtíðarskipan endurvinnslustöðva, 6. tl., framtíðarsýn Góða hirðisins og 7. tl., stöðu mála varðandi útflutning á plasti.

Fundargerðin lögð fram.

---

**13. 2102291 - Fundargerð 31. eigendafundar Sorpu bs. frá 1/2 '21.**

Fundargerðin lögð fram.

**14. 2102292 - Fundargerð 30. eigendafundar Strætó bs. frá 1/2 '21.**

Fundargerðin lögð fram.

**15. 1909412 - Reglur Garðabæjar um skammtímadvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.**

Bæjarstjórn samþykkir reglur Garðabæjar um skammtímadvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

## **16. 2102157 - Lýðheilsu- og forvarnastefna Garðabæjar.**

Björg Fenger, fylgdi úr hlaði lýðheilsu- og forvarnastefnu Garðabæjar og sagði frá vinnu við gerð stefnunnar og kynningu í nefndum bæjarins.

Björg Fenger þakkaði starfsmönnum fræðslu og menningarsviðs fyrir þeirra vinnu við undirbúning og gerð stefnunnar.

Harpa Þorsteinsdóttir tók til máls og lýsti ánægju með samþykkt stefnunnar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða lýðheilsu- og forvarnastefnu Garðabæjar.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

---


Fundargerð bæjarstjórnar 18. febrúar 2021 var í lok fundar lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Sigurður Guðmundsson, (sign)  
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Gunnar Einarsson, (sign)  
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)  
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)  
Guðjón Pétur Lýðsson, (sign)

---


## Undirritunarsíða

Áslaug Hulda Jónsdóttir



Undirritað af:  
Áslaug Hulda  
Jónsdóttir  
0505764699  
Dags: 20.02.2021  
Tími: 08:51:58  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 5f20d80c-  
87a6-4648-a55d-  
51fb21060f4

Sigríður Hulda Jónsdóttir




Undirritað af:  
Sigríður Hulda  
Jónsdóttir  
1809645689  
Dags: 20.02.2021  
Tími: 08:53:22  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 5f20d80c-  
87a6-4648-a55d-  
51fb21060f4

Sigurður Guðmundsson



Undirritað af:  
Sigurður  
Guðmundsson  
2003703419  
Dags: 22.02.2021  
Tími: 09:18:40  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 5f20d80c-  
87a6-4648-a55d-  
51fb21060f4

Gunnar Valur Gíslason




Undirritað af:  
Gunnar Valur Gíslason  
0603586809  
Dags: 20.02.2021  
Tími: 07:49:44  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 5f20d80c-  
87a6-4648-a55d-  
51fb21060f4

Jóna Sæmundsdóttir



Undirritað af:  
Jóna Sæmundsdóttir  
1903582169  
Dags: 21.02.2021  
Tími: 14:30:43  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 5f20d80c-  
87a6-4648-a55d-  
51fb21060f4

Almar Guðmundsson



Undirritað af:  
Almar Guðmundsson  
0305722979  
Dags: 23.02.2021  
Tími: 14:31:01  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 5f20d80c-  
87a6-4648-a55d-  
51fb21060f4

Björg Fenger



Undirritað af:  
Björg Fenger  
1308785049  
Dags: 22.02.2021  
Tími: 17:25:22  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 5f20d80c-  
87a6-4648-a55d-  
51fb21060f4

Gunnar Einarsson




Undirritað af:  
Gunnar Einarsson  
2505554079  
Dags: 26.02.2021  
Tími: 11:23:43  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 5f20d80c-  
87a6-4648-a55d-  
51fb21060f4

Sara Dögg Svanhildardóttir



Undirritað af:  
Sara Dögg  
Svanhildardóttir  
2607733139  
Dags: 21.02.2021  
Tími: 08:17:33  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 5f20d80c-  
87a6-4648-a55d-  
51fb21060f4

Harpa Þorsteinsdóttir



Undirritað af:  
Harpa Þorsteinsdóttir  
2706862229  
Dags: 20.02.2021  
Tími: 16:56:06  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 5f20d80c-  
87a6-4648-a55d-  
51fb21060f4

# Undirritunarsíða

Guðjón Pétur Lýðsson



Undirritað af:  
Guðjón Pétur Lýðsson  
2812872309  
Dags: 20.02.2021  
Tími: 20:10:29  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 5f20d80c-  
87a6-4648-a55d-  
51bfb21060f4

## Bæjarráð Garðabæjar 7. (1965). fundur 2021

Þriðjudaginn 23. febrúar 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, varamaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, svíosstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, yfirlélagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2012100 - Sveinskotsvör 3 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Mark-Húsum ehf., kt. 640206-2170, leyfi til að byggja einbýlishús að Sveinskotsvör 3.

**2. 2102266 - Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis varðandi tilnefningar í skólanefnd Fjölbautaskólans í Garðabæ, dags. 10.02.21.**

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu á fundi bæjarstjórnar sem fyrirhugaður er 4. mars 2021.

**3. 2012333 - Tillaga að afskriftum við gerð ársreiknings 2020.**

Bæjarráð samþykkir tillögu um afskriftir viðskiptakrafna árið 2020 samkvæmt framlögðum lista samtals að fjárhæð kr. 2.750.318.

**4. 2102371 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál., dags. 18.02.21.**

Lagt fram.

---

**5. 2102361 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um brottfall laga, dags. 18.02.21.**

Lögð fram.

**6. 2102312 - Bréf UMF Stjörnunnar varðandi niðurfellingu fasteignagjalda, dags. 16.02.21.**

Bæjarráð samþykkir að veita UMF Stjörnunni styrk að fjárhæð kr. 1.962.073 til greiðslu fasteignagjalda árið 2021.

**7. 2102321 - Bréf Golfklúbbsins Setbergs varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda, dags. 17.02.21.**

Bæjarráð samþykkir að veita Golfklúbbi Setbergs styrk að fjárhæð kr. 433.599 til greiðslu fasteignagjalda árið 2021.

**8. 2102331 - Bréf Kvennaathvarfsins um rekstrarstyrk, dags. 10.02.21.**

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2021.

- 9. 2102373 - Bréf Yrkjusjóðs varðandi umsóknir um styrk til ræktunar landsins, dags. 16.02.21.**

Í bréfinu er því beint til forráðamanna grunnskóla að sjóðurinn óskar eftir umsóknum frá skólunum um styrk, í formi trjáplantna til gróðursetningar, fyrir komandi vor eða haust.

Bæjarráð vísar bréfinu til fræðslu- og menningarsviðs.

- 10. 2102374 - Bréf Þjóðskjalasafns varðandi eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórni, dags. 15.02.21.**

Í bréfinu er kynnt fyrirhuguð könnun varðandi skjalavörslu og skjalastjórni sveitarfélaga.

Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.

- 11. 2102372 - Bréf Kópavogsbæjar varðandi forkynningu á vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og Reykjavíkur 2010-2030, vegna Borgarlínu, dags. 18.02.21.**

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

- 12. 2102282 - Tilkynning frá forsætisráðuneytinu varðandi skýrslu um kosti og galla við að fela dómstórum verkefni kærunefnda á stjórnsýslustigi, dags. 16.02.21.**

Lögð fram.

- 13. 2101512 - Svar við fyrirspurn um kostnað vegna auglýsinga.**

Lagt fram svar við fyrirspurn um kostnað vegna auglýsinga.

- 14. 2102351 - Starfsáætlanir sviða 2021.**

Starfsáætlanir sviða lagðar fram.

---

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

## Bæjarráð Garðabæjar 8. (1966). fundur 2021

Þriðjudaginn 2. mars 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, yfirlafsráðgjafi, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 2102490 - Jarðskjálftahrina á Reykjanesi - hættustig almannavarna.

Á fund bæjarráð mætti undir dagskráliðum 1 og 2 Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarna. Gerði Jón Viðar grein fyrir stöðu mála varðandi viðbrögð við jarðskjálftum á Reykjanesi og fór yfir hugsanlegar sviðsmyndir en hættustigi almannavarna vegna jarðskjálftanna á Reykjanesi var lýst yfir á höfuðborgarsvæðinu miðvikudaginn 24. febrúar sl.

Viðbragðs- og rýmingaráætlun vegna jarðskjálfta á höfuðborgarsvæðinu hefur verið kynnt og tekin fyrir á fundum almannavarnarnefndar og verið er að endurskoða áhættumat. Almannavarnarnefnd hefur í samstarfi við Veitur hugað sérstaklega að aukinni vöktun neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu.

Jón Viðar lagði áherslu á að huga vel að lausum búnaði í húsakynnum stofnana og öðrum atriðum sem geta valdið slysum á fólk og skemmdum á mannvirkjum.

Bæjarfulltrúi, Sara Dögg Svanhildardóttir sat fund bæjarráðs undir dagskráliðum 1, 2, 3, 4 og 5 og bæjarfulltrúi, Jóna Sæmundsdóttir, sat fund bæjarráðs undir dagskráliðum 1, 2 og 3.

### 2. 2001444 - COVID19 - hættustig almannavarna

Jón Viðar fór yfir þróun farsóttarinnar frá upphafi og stöðuna í dag og gerði grein fyrir samantekt sem gerð hefur verið fyrir almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins og kynnt sveitarfélögum.

Nýjar reglur um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og takmarkanir á skólastarfi tóku gildi 24. febrúar sl. og gilda til 17. mars nk. og 30. apríl nk.

Samkvæmt hinum nýju reglum eru almenn fjöldatakmörk 50 manns en í skólum eru fjöldatakmörk 150.

Bæjarstjóri upplýsti að starfsemin á bæjarskrifstofunum verður ekki lengur hólfaskipt og starfsmenn kallaðir í hús með einhverjum frávikum. Áfram verður viðhöfð sú regla að gestir komi ekki til fundar á 3. hæð skrifstofunnar og þá verður haldið áfram að nota fjarfundabúnað vegna funda þar sem það hentar og er til hagræðingar.

### 3. 2010078 - Garðahverfi - kynning á hugmyndafræði og þróun skipulags.

Á fund bæjarráð komu Halldóra Hreggiðóttir og Herborg Árnadóttir starfsmenn ráðgjafafyrirtækisins Alta og kynntu hugmyndafræði og þróun skipulags í Garðahverfi. Farið var yfir markmið skipulagsins, stefnur og skilmála, gerð grein fyrir svæðinu sem verndarsvæði í byggð og hugmyndum um uppbyggingu.

**4. 2102536 - Minnisblað varðandi verkefni í stafrænni þróun.**

Á fund bæjarráð kom Sunna G. Sigurðardóttir, verkefnastjóri stafrænna verkefna hjá Garðabæ og gerði grein fyrir greiningu á stafrænun tækifærum hjá Garðabæ og minnisblaði með hugmyndum um verkefni í stafrænni þróun.

Bæjarráð samþykkir að vísa minnisblaðinu til bæjarstjóra.

**5. 2008661 - Frumdrög að hönnun gatnamóta Garðahraunsvegar og Álftanesvegar.**

Í framhaldi af lokun Garðahraunsvegar við Herjólfssbraut samkvæmt samþykktu deiliskipulagi samþykkti bæjarráð 14. júlí 2020 að vinna í samstarfi við Vegagerðina að endurhönnun gatnamóta Garðahraunsvegar og Álftanesvegar til að bæta umferðaröryggi.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda, gerði grein fyrir frumdrögum að hönnun gatnamóta Garðahraunsvegar og Álftanesvegar og frumdrög að kostnaðaráætlun að fjárhæð kr. 250,0 mkr.

Bæjarráð samþykkir að áfram verði unnið að málínu og tekna upp viðræður við Vegagerðina um nánari útfærslu á framkvæmdinni.

**6. 2011525 - Hraungata 25-29 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita PK Byggingum ehf., kt. 530307-2200, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 15 íbúðum að Hraungötu 25 - 29.

**7. 2012075 - Urriðaholtsstræti 42 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita HHV ehf., kt. 450916-1880, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 10 íbúðum að Urriðaholtsstræti 42.

**8. 1810062 - Umsókn Bjarg íbúðafélags um stofnframlag vegna viðbótaráíbúða.**

Á fundi bæjarráðs sem haldinn var 23. júní 2020 var samþykkt umsókn Bjargs íbúafélags hses. um stofnframlag að fjárhæð kr. 85.118.012 sbr. umsókn félagsins um byggingu 17 almennra íbúða að Mariugötu 5 þar sem stofnvirði verkefnisins er kr. 709.316.763.

Bæjarráð samþykkir nú umsókn félagsins um stofnframlag að fjárhæð kr. 24.555.732 sem er 12% framlag af stofnvirði vegna fjölgunar íbúða um fimm. Greiðslu vegna stofnframlags verður skuldajafnað á móti lóðarverði og hluta gatnagerðargjalda.

**9. 2102381 - Tilkynning frá heilbrigðisráðuneytinu varðandi tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu, dags. 19.02.21.**

Lögð fram og vísað til kynningar í íþróttá- og tómstundaráði

**10. 2102430 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál, dags. 22.02.21.**

Lagt fram.

**11. 2102431 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla), 141. mál., dags. 23.02.21.**

Lagt fram.

**12. 2102447 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um hafnalög (EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun), 509. mál., dags. 23.02.21.**

Lagt fram.

**13. 2102473 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um málefni innflytjenda (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 452. mál., dags. 24.02.21.**

Lagt fram.

**14. 2102454 - Bréf Reykjavíkur varðandi forkynningu á vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Borgarlínu, dags. 19.02.21.**

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

**15. 2009072 - Útboð sorphirðu í Garðabæ 2021.**

Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda kynnti útboðslýsingu vegna sorphirðu í Garðabæ en núverandi samningur rennur út 1. júlí 2021.

Bæjarráð samþykkir að auglýst verði útboð sorphirðu í Garðabæ en um er að ræða sameiginlegt útboð með Mosfellsbæ.

**16. 2102507 - Samningur Dengsa ehf og Garðabæjar um biðskýli.**

Guðbjörg Brá Gísladóttir, gerði grein fyrir samningi við Dengsa ehf. um biðskýli í Garðabæ.

Bæjarráð samþykkir samning við Dengsa ehf. um biðskýli en um er að ræða yfirtöku á samningi sem áður var samþykktur við AFA JCDecaux á Íslandi. Fyrir liggur yfirlýsing þess fyrirtækisins um niðurfellingu samningsins.

**17. 2102502 - Bréf UMFÍ um mikilvægi þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfí, dags. í febrúar 2021.**

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar íþrótta- og tómstundaráðs og til kynningar í skólunum.

**18. 2102537 - Áskorun Hundaræktarfélags Íslands og Félags ábyrgra hundaeigenda um innflutning og þjálfun leiðsöguhunda, dags. 25.02.21.**

Lögð fram.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 2. mars 2021 er lesin upp í lok fundar og undirrituð af viðstöddum bæjarráðsfulltrúum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

## Fjölskylduráð Garðabæjar

3. fundur 2021

Miðvikudaginn 17. febrúar 2021 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigþrúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi, Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri og Pála Marie Einarsdóttir umsjónarþroskaþjálfi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, yfirlagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 2102306 - Úttekt á heimilum fatlaðs fólks í Garðabæ

Mál nr. 2102306 tekið fyrir, kynning Ellýjar Þorsteinsdóttur á niðurstöðu innra eftirlits og úttekta á heimilum fatlaðs fólks í Garðabæ sem var framkvæmt á tímabilinu janúar til desember 2020 með vísan til 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi þjónustuþarfir nr. 38/2018. Niðurstöður liggja fyrir sem voru almennt jákvæðar, gripið hefur verið til úrbóta á grundvelli þeirra athugasemda sem gerðar voru og áætlanir liggja fyrir um frekari úrbætur.

### 2. 1911163 - Lýðræðisstefna Garðabæjar- endurskoðun

Mál nr. 1911163 lagt fram til kynningar, Hulda Hauksdóttir fer yfir stöðu vinnslu lýðræðisstefnu Garðabæjar og framvindu hennar. Fjölskylduráð leggur áherslu á að stefnan verði reglulega á dagskrá ráðsins til að tryggja upplýsingaflæði og gefa tækifæri á umræðu og athugasemnum.

### 3. 2002291 - Staða biðlista í félagslegu leiguþúsnaði

Mál nr. 2002291, tekið fyrir, kynning Snædísar Björnsdóttur verkefnastjóra á fjölskyldusviði á stöðu biðlista eftir félagslegu leiguþúsnaði í Garðabæ og samanburði við stöðu í mars 2020. Fjölskylduráð fjallar um málið og starfsmenn svara spurningum ráðsins.

### 3. 2012368 - Umsókn um félagslega heimaþjónustu

Tekið er fyrir mál, nr. 2012368, áfrýjun vegna synjunar á umsókn um félagslega heimaþjónustu. Fjölskylduráð staðfestir afgreiðslu afgreiðslufundar stuðningsþjónustu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

### 5. 1801090 - Umsókn um aukningu á NPA vinnustundum

Tekið er fyrir mál nr. 1801080, áfrýjun vegna synjunar á beiðni um hækkan á úthlutuðum NPA vinnustundum. Fjölskylduráð fjallar um málið og staðfestir afgreiðslu afgreiðslufundar stuðnings- og stoðþjónustu í tveimur af þremur liðum en vísar einum þeirra til afgreiðslu á fjölskyldusviði. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

### 6. 2006352 - Umsókn um aukningu á NPA vinnustundum

Tekið er fyrir mál nr. 2006352, áfrýjun vegna synjunar á beiðni um hækkan á úthlutuðum NPA vinnustundum. Fjölskylduráð fjallar um málið og ákvörðun tekin um frestun þess þar til endurskoðun á NPA taxta hefur verið lokið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

## **7. 2102038 - Heimili fyrir börn**

Mál nr. 2102038 lagt fram til kynningar, Pála Marie Einarsdóttir, umsjónarþroskaþjálfí kynnir undirbúning að starfsemi búsetuþjónustu fyrir fötluð börn að Sigurhæð 12. Fjölskylduráð telur framkvæmdina gæfuspor í þágu þjónustu við fötluð börn í þörf fyrir búsetu utan heimilis.

## **8. 1901223 - Endurúttekt á stuðningsfjölskyldu í barnavernd**

Mál nr. 1901223 lagt fram, greinargerð vegna endurúttektar á stuðningsfjölskyldu. Fjölskylduráð mælir með að viðkomandi stuðningsfjölskyldu verði áfram veitt stuðningsfjölskylduleyfi. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

## **9. 2101203 - Beiðni um úttekt á stuðningsfjölskyldu**

Mál nr. 2101203 lagt fram, greinargerð vegna úttektar á stuðningsfjölskyldu. Fjölskylduráð mælir með að viðkomandi stuðningsfjölskyldu verði veitt stuðningsfjölskylduleyfi. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

## **10. 1909412 - Reglur Garðabæjar um stuðningsþjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra**

Tekið er fyrir mál nr. 1909412, drög að reglum Garðabæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Fjölskylduráð fjallar um drögin og gerir ekki athugasemdir. Samþykkt er af hálfa fjölskylduráðs að leggja drögin fyrir samráðshóp um málefni fatlaðs fólks, bæjarráð og bæjarstjórn til afgreiðslu.

## **11. 2009056 - Íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2020**

Mál nr. 2009056 lagt fram til kynningar, þjónustukönnun Gallup 2020. Í meginatriðum er niðurstaðan jákvæð í helstu málaflokkum og íbúar í heildina litið ánægðir með Garðabæ sem sveitarfélag til að búa í. Niðurstöður þeirra málaflokka er heyra undir fjölskylduráð (ánægja þjónustu við fatlað fólk, eldri borgara og barnafjölskyldur) standa í stað á milli ára en eru yfir landsmeðaltali.

Fjölskylduráð hvetur fjölskyldusvið til að rýna frekar í niðurstöðu þjónustukönnunarinnar og nýta í umbótarstarf á sviðinu.

## **12. 2101187 - Sérfræðingateymi vegna barna með fjölpættan vanda**

Mál nr. 2101187 lagt fram til kynningar, stofnun sérfræðingateymis vegna barna með fjölpættan vanda. Gert var ráð fyrir stofnun teymisins með setningu laga nr. 38/2018 en var ekki komið á legg fyrr en nú. Teyminu er ætlað að vera sveitarfélögum til ráðgjafar um viðeigandi þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir sem þurfa á annars konar og meiri þjónustu að halda en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra.

## **13. 2102035 - Tillaga um nýtingu húsnaðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi.**

Mál nr. 2102035, tillaga um nýtingu húsnaðis að Garðatorgi 1, lagt fram til kynningar. Tillagan hefur það að markmiði að undirbúa stækkan Hönnunarsafns Íslands og auka þjónustu á Garðatorgi enn frekar með bættri aðstöðu fyrir fjölskyldur, börn og ungmenni. Fjölskylduráð felur fjölskyldusviði að skoða sérstaklega hvernig húsnaðið gæti gagnast frístundastarfi fatlaðs fólks og annari þjónustu við börn og ungmenni.

Garðabæjarlistinn lagði fram sér bókun undir þessum lið:

Við í Garðabæjarlistanum fögnum ákvörðun meirihlutans að taka tvær af frábærum tillögum Garðabæjarlistans og setja þær í annan búning og leggja svo fram sem sína tillögu í bæjarstjórn þann 4. febr. s.l. Þann 20. september 2018 lagði Garðabæjarlistinn fram tillögu um að Garðabær setti á fót sköpunarmiðstöð eða menningarhús. Einnig kom fram í þeirri tillögu að íþróttar- og tómstundaráð, menningar og safnanefnd og ungmennaráð myndu saman móta hugmyndir að menningarhúsi. Þann 18. október 2018 lagði Garðabæjarlistinn fram tillögu um að Garðabær hefji

viðræður við eigendur fasteignar að Garðatorgi 1 með það að leiðarljósi að aukið rými skapist fyrir Hönnunarsafn Ísland og um leið fyrir aðra starfsemi. Á sama augnabliki og við fögnum því að meirihlutinn taki upp okkar góðu tillögur að þá verðum við smá sorgmædd yfir þeim vinnubrögðum sem meirihlutinn viðhefur. Það að vísa okkar tillögum í nefndir og láta þær svo hverfa í svarthol tillagna til þess eins að setja þær í annan búning í sínu nafni þykir okkur vera dapurleg vinnubrögð.

**13. 2101428 - Skýrsla starfshóps varðandi tillögur að heilsueflingu eldri borgara.**

Mál nr. 2101428 lagt fram til kynningar, skýrsla starfshóps um heilsueflingu aldraðra. Fjölskylduráð fjallar um málið og tekur undir markmið skýrslunnar og mikilvægi þess að stuðla að frekari forvörnum og heilsueflingu með samstarfi ríkis og sveitarfélaga í forgrunni. Garðabær er heilsueflandi samfélag og fylgist því grannt með stöðu mála í Garðabæ og leggur ríka áherslu á heilsueflingu í sinni stefnumótun í málafloknum, með forvirkar aðgerðir að leiðarljósi.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

---

## **Leikskólanefnd Garðabæjar**

**21. fundur 2021**

Miðvikudaginn 17. febrúar 2021 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Snævar Sigurðsson varamaður, Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Ásta Kristín Valgarðsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Benedikt D. Valdez Stefánsson fulltrúi foreldra og Ína Sigrún Þórðardóttir fulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### **1. 2012379 - Áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum**

Áskorun frá Samtökum grænkera á Íslandi lögð fram til umfjöllunar. Í leikskólum Garðabæjar er lögð áhersla á fjölbreytt fæði þar sem grænmeti og ávextir eru á boðstólum fyrir börn á hverjum degi.

### **2. 2009056 - Íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2020**

Tekin var til umfjöllunar íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup sem lögð var fyrir 6. til 20. desember 2020. Leikskólanefnd lýsir ánægju með niðurstöður hennar og þakkar starfsfólk leikskóla vel unnin störf á krefjandi tínum.

### **3. 2101105 - Öryggismál í leikskólum**

Leikskólanefnd var upplýst um framkvæmd úttekta á leikskólalóðum og hvernig staðið verður að umbótum í kjölfar þeirra. Úttektir á vegum BSI munu fara fram í maí nk.

### **4. 2102131 - Áhersluþættir þróunarsjóðs leikskóla 2022**

Áhersluþættir leikskóla settir fram. Að þessu sinni munu þeir beinast að vellíðan og vináttu, upplýsingatækni og þátttökumiðu námi.

### **5. 2102139 - Stytting vinnuvikunnar í leikskólum**

Kynnt var framkvæmd vinnustytingar á leikskólum Garðabæjar. Hver og einn leikskóli framkvæmdir vinnustytingu í samræmi við niðurstöður kosninga innan viðkomandi skipulagsheildar.

### **6. 2102145 - Skóladagatal leik - og grunskóla 2021 til 2022**

Skóladagatal lagt fram og samþykkt.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
263. fundur heilbrigðisnefndar 1. mars 2021

**Fundargerð**

Fundurinn var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mánudaginn 1. mars á skrifstofu heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5 í Garðabæ. Fundurinn hófst kl.16:30 og fór fundurinn jafnframt fram með rafrænum hætti í samræmi við fyrri samþykktir nefndarinnar. Mættir voru nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar sem jafnframt ritaði fundargerð.

**Skipulagsmál**

1. Umsögn um nýtt hundasvæði milli eldri hluta kirkjugarða Hafnarfjarðar og nýrri hluta hans. Lagt fram erindi frá Berglindi Guðmundsdóttur umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðiseftirlitsins á tillögu skipulags- og byggingaráðs um nýtt hundasvæði milli eldri hluta kirkjugarða Hafnarfjarðar og nýrri hluta. Um er að ræða opið svæði rétt ofan við hringtorg við Öldugötu og afmarkast svæðið af göngustígum á svæðinu.

*Heilbrigðisnefnd telur svæðið geta verið heppilegt sem hundagerði með tilliti til þess að nokkur fjarlægð er í næstu íbúðahverfi með hliðsjón af hávaða af slíkri starfsemi. Þá er svæðið vel tengt með göngustígum og því aðgengilegt fyrir íbúa. Jafnframt er hægt að samnýta bílastæði með kirkjugörðunum. Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að svæðið verði vel merkt og umgengnisreglur séu vel kynntar fyrir notendum svæðisins.*

**2 Starfsleyfi**

**Garðabær**

**2.1 Hrísmóar 1, Garðabær – dreifing matvæla**

Lögð fram umsókn Ívars F. Sturlusonar, f.h. NordX Import ehf, /Snjallkynningar ehf., kt. 670121-0890, dags. 27.01.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla að Hrísmóum 1, Garðabæ. Dreifing er frá vöruhótel.

Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags.19.08.2020.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

**2.2 Lynghólar 20b, Garðabær – dreifing matvæla**

Lögð fram umsókn Sævars Árnasonar, f.h. Crystal Club ehf., kt. 540121-2300, dags. 08.02.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Lynghólum 20b, Garðabæ.

Ný starfsemi. Dreifing er frá vöruhótel.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.02.2021.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.



### *2.3 Mosagata 14, Garðabær – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Stefáns Einars Stefánssonar, f.h. Kampavínsfélagið & Co. ehf., kt. 520620-1170, dags. 19.02.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir innflutningi á víni og smakkklúbbs á Vox Brasserie. Lögheimili að Mosagötu 14, Garðabæ.

Ný starfsemi. Dreifing er frá vöruhótelri.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.02.2021.

*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

### *2.4 Vinastræti 14, Garðabær – kaffihús*

Lögð fram umsókn Alexanders Freys Sindrasonar, f.h. Dæinn ehf., kt. 490221-0420, dags. 11.02.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss að Vinastræti 14, Garðabæ.

Ný starfsemi. Fasteignanr. 250-3028.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 16.02.2021. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 19.02.2021 þar sem vitnað er í skipulagsskilmála þar sem kveðið er um þau ákvæði sem fylgja þarf.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára, með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

### **Hafnarfjörður**

#### *2.5 Ásvellir 2, Hafnarfjörður -samkomusalur*

Lögð fram umsókn Karls Georgs Klein, f.h. Sundfélags Hafnarfjarðar ehf., kt. 6402692789, dags. 27.01.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir veislu- og fundarsal (félagsaðstaða), að Ásvöllum 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2301562. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 03.02.2021.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

#### *2.6 Hringhella 8, Hafnarfjörður*

Lögð fram umsókn Jóns Þórs Jónssonar, f.h. Ís-vest ehf., kt. 610219-1280, dags. 09.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir innflutning og sölu á kælimottum og ísmottum fyrir fiskútflutning. Innflutningur á plastkössum og plastbrettum. Dreifingu umbúðarplasti vegna matvæla að Hringhellu 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2080813. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.02.2021.


*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

#### *2.7 Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfjörður*

Lögð fram umsókn Eiríks Auðuns Auðunssonar, f.h. Sb fiskverslun ehf., kt. 550920-0260, dags. 18.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs vinnslu á fiski og gerð fiskréttu fyrir fiskbúð í eigu sömu aðila og til fiskheildsölu að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. 207-6188. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.02.2021.

*Með vísun til ákvæða matvæla og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*



## **2.8 Íshellu 1, Hafnarfjörður – málmsmiðja**

Lögð fram umsókn Árna B. Halldórssonar, f.h. Kambstál ehf., kt. 671010-1320, dags. 11.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir málmsmiðju að Íshellu 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2330162. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.02.2021

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

## **2.9 Íshellu 8, Hafnarfjörður**

Lögð fram umsókn Magnúsar Bollasonar, f.h. Tempra ehf., kt. 600900-2180, dags. 09.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu á umbúðarplasti vegna matvæla að Íshellu 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2254142. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.02.2021.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

## **2.10 Lækjargata 34D, Hafnarfjörður – tannlæknastofa**

Lögð fram umsókn Hrafnhildar Eikar Skúladóttur, f.h. Skínandi Tennur ehf., kt. 650310-0550 dags. 28.12.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Lækjargötu 34D, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2077671. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 16.02.2021.

*Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og að fengnu samþykki byggingafulltrúa.*

## **2.11 Gjótuhraun 1, Hafnarfjörður – fiskvinnsla**

Lögð fram umsókn Stefáns Hjaltasonar, f.h. Særót ehf., kt. 480197-2249, dags. 22.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fiskvinnslu að Gjótuhraun 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. 225-9005. Endurnýjun.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

## **2.12 Reykjavíkurvegur 58, Hafnarfjörður – niðurrif**

Lögð fram umsókn Hermanns Þórs Baldurssonar, f.h. Berserkir ehf., kt. 590902-2920, dags. 08.02.2021, þar sem sótt er um leyfi til niðurriðs á asbestos í kyndiklefa við Reykjavíkurvegi 58, fasteignanr. 2078638.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.02.2021.


*Með vísun til ákvæða hollustuháttar- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfið staðfest á tímabilinu frá 01.03.2021 – 01.04.2021.*

## **2.13 Reykjavíkurvegur 72, Hafnarfjörður – ísbúð**

Lögð fram umsókn Gunnars Márs Þráinssonar, f.h. Huppuís ehf., kt. 530515-1920, dags. 04.01.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ísbúð Huppu, að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2078682. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 06.01.2021.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykkta notkun fasteignar.*



## **2.14 Vitastígur 5, Hafnarfjörður -hárgreiðsla og förðun**

Lögð fram umsókn Sindra Mar Jónssonar, f.h. Marol ehf., (Hún Hló), kt. 520398-2449, dags. 14.02.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir hárgreiðslu – og förðun, heimaþjónusta. Lögheimili að Vitastíg 5, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2080615. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.18.02.2021.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

Kópavogur

## **2.15 Akralind 3, Kópavogur – dreifing matvæla**

Lögð fram umsókn Ingibjargar Fells Elíasdóttur, f.h. Ugla og Co ehf., kt. 541111-0420, dags. 01.02.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla að Akralind 3, Kópavogur.

Ný starfsemi. Fasteignanr.224-2234.

Eftirlitsskýrsla dags.17.02.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 16.02.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa 16.02.2021.

*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

## **2.16 Auðbrekka 14, Kópavogur – kaffismiðja**

Lögð fram umsókn Þuríðar Sverrisdóttur, f.h. Reykjavík Rosters, (Kaffismiðja Íslands ehf.), kt.500708-0690, dags. 15.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir te og kaffivinnslu að Auðbrekku 14, Kópavogi.

Fasteignanr. 2058797. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.25.02.2021.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 2 ára.*

## **2.17 Álfhólsvegur 23, Kópavogur - Niðurrif**

Lögð fram umsókn Þorsteins Á. Péturssonar, f.h. WN ehf., kt.680105-1110, dags. 27.01.2021, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs fasteignar við Álfhólsveg 23, fasteignanr. 2058009.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfið staðfest frá 01.03.2021 til 30.04.2021 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

## **2.18 Ásakór 1, Kópavogur – dreifing matvæla**

Lögð fram umsókn Kusse Soka Gignarta, f.h. Ethiopian Takeaway ehf., kt. 510121-1200, dags. 10.02.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Ásakór 1, Kópavogur. Dreifing frá vöruhúsi Eimskipa.


Breyting á starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

## **2.19 Borgarholtsbraut 19, Kópavogur – veitingastaður**

Lögð fram umsókn Jóhannesar H. Haukssonar, f.h. Kársnes ehf., kt. 560119-2830, dags. 25.01.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Borgarholtsbraut 19, Kópavogi. Fasteignanr. 2059078.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykkt notað fasteignar.*



## *2.20 Bæjarlind 18, Kópavogur – veitingastaður*

Lögð fram umsókn Kristínar Helgadóttur, f.h. KFC ehf., kt. 540198-3149, dags. 17.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Bæjarlind 18, Kópavogi.

Fasteignanr. 2235040. Endurnýjun.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

## *2.21 Digranesvegur 82, Kópavogur - samkomusalur*

Lögð fram umsókn Margrétar P. Loftsdóttur, f.h. Digraneskirkju, kt. 691272-0449, dags. 27.01.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomusal með móttökueldhúsi að Digranesvegi 82, Kópavogi. Fasteignanr. 2218759. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 03.02.2021.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

## *2.22 Engihjalli 8, Kópavogur – matvælaframleiðsla*

Lögð fram umsókn Auðar Agnar Árnadóttur, f.h. 17 sortir ehf., kt. 420615-1320, dags. 17.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Engihjalla 8, Kópavogi. Fasteignanr. 2247004. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 17.02.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 18.02.2021.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

## *2.23 Hamraborg 4, Kópavogur – veitingastaður*

Lögð fram umsókn Þuriðar Sverrisdóttur, f.h. Reykjavík Roasters ehf., kt. 500708-0690, dags. 09.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað í Gerðasafni að Hamraborg 4, Kópavogi.

Fasteignanr. 2229937. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

## *2.24 Lindasmári 93, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Guðbjargar Birkis Jónsdóttur, f.h. Náttúrulega Gott ehf., kt. 600519-0260, dags. 17.02.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Lindasmára 93, Kópavogur. Dreifing frá Ísam ehf – Myllan.

Breyting á starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.02.2021.


*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

## *2.25 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Elínar Kristínar Guðmundsdóttur, (Ella Stína) kt. 140277-5179, dags. 21.01.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.01.2021.

*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*



## *2.26 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Benedikts Þorgeirssonar, f.h. Vandelay ehf., kt. 541020-1520, dags. 18.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.02.2021.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á á athafnasvæði Ma(DII). Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

## *2.27 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Einars Þórs Hjartarsonar, f.h. Heilsumat ehf., kt. 640418-1250, dags. 19.02.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.02.2021.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

## *2.28 Smiðjuvegur 6, Kópavogur – matvöruverslun/dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Svarars Jóhannssonar, f.h. H17 ehf., kt. 701220-0210 dags. 25.01.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Smiðjuvegi 6, Kópavogi. Fasteignarnr. 225-8561, 225-8562. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## *2.29 Smiðjuvegur 6, Kópavogur – matvöruverslun/dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Svarars Jóhannssonar, f.h. Fitness Sport ehf., kt. 470314-1170 dags. 25.01.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Smiðjuvegi 6, Kópavogi. Fasteignarnr. 225-8561, 225-8562. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## *2.30 Vesturvör 44-48, Kópavogur – baðstaður og veitingastaður*

Lögð fram umsókn Dagnýjar Pétursdóttur, f.h. Skylagoon ehf., kt. 650219-0580, dags. 25.01.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir baðlón, veitingarekstur og vörusölu að Vesturvör 44-48, Kópavogi. Fasteignarnr. 2348829. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 01.02.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttar- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykkta notkun fasteignar.

## **3 Umsagnir**

### **Hafnarfjörður**

#### *3.1 F2 Sléttuhlíð, Hafnarfjörður - gististaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.02.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Borgarkletts ehf., kt. 531016-0920, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gistingu í fl. II, að F2 Sléttuhlíð, fnr. 208-1006, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 25.05.2020.

*SMA* *SL*  
*AKH* *BB* *EF*

### *3.2 F3 Sléttuhlíð, Hafnarfjörður - gististaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.02.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Borgarkletts ehf., kt. 531016-0920, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gistingu í fl. II, að F3 Sléttuhlíð, fnr. 208-0974, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 25.05.2020.

## 4 Annað

### *4.1 Stytting vinnuvikunnar í samræmi við kjarasamninga*

Samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna var samþykkt breyting á skipulagi vinnutíma með það að markmiði að bæta nýtingu vinnutíma án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu. Jafnframt var lögð áhersla á að tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika starfsfólks og stofnana. Lágmarks stytting var 13 mín. á dag, eða 65 mín. á viku, en hámarks stytting fjórar klst. þannig að vinnuvikan verði 36 virkar vinnustundir. Hverri stofnun er falið að útfæra þessa styttingu þar sem meirihluti starfsfólks ræður. Niðurstæða starfsmanna heilbrigðiseftirlitsins var að stytting yrði framkvæmd með þeim hætti að vinnu væri lokið kl. 14:00 á föstudögum. Opnunartími skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins yrði jafnframt styttur á föstudögum og yrði til 14:00.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir styttingu vinnuviku starfsmanna sem er í samræmi við ákvæði í kjarasamningum.*

### *4.2 Loftgæðavöktun Dalsmára og Norðurhellu*

Lagt fram til kynningar skýrslur um umhverfisvöktun Dalsmára og Norðurhellu, mælingar í lofti unnar af Hermanni Þórðarsyni frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Teknar eru saman niðurstöður mælinga í lofti og eru þeir mæliþættir, svifryk, PM<sub>10</sub> og PM<sub>2,5</sub>, nituroxíð (NO, NO<sub>2</sub>, NO<sub>x</sub>), brennisteinstvíoxíð (SO<sub>2</sub>) og brennisteinsvetni (H<sub>2</sub>S).

Breytingar í styrk þeirra efna sem mæld eru voru almennt til lækkunar frá fyrra ári. Breytingar sem mátti merkja á niðurstöðum ársins endurspeglar mun á veðurlagi milli ára og umferðarálagi. Árið var vindasamt og í svalara lagi og norðvestan-áttir svoltíð algengari en árið áður á kostnað suðaustanáttu sem eru þó algengastar. Nokkuð dró líka úr umferð á höfuðborgarsvæðinu á árinu vegna Covid-faraldursins.


Helstu niðurstöður: Mælingar á árinu fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru og eru allvel undir slíkum mörkum í mörgum tilvikum. Ef litið er til ársmeðaltala einstakra mæliþáttu þá mældist svifryk með lægsta móti en vegna örðuleika í mælingum verður að hafa þar ákveðinn fyrirvara. Nituroxíð í Dalsmára var með því lægra sem þar hefur mælst en annað hæsta árið frá 2016 á Norðurhellu (hæst 2019). Brennisteinstvíoxíð var áþekkt fyrri árum í Dalsmára en með því hæsta sem mælst hefur á Norðurhellu. Brennisteinsvetni hefur ekki mælst lægra í Dalsmára og á Norðurhellu.

*Heilbrigðisnefnd fagnar þessari samantekt og vekur athygli á að forsenda ákvároðana um aðgerðir til að bæta loftgæði eru að til séu nákvæmar upplýsingar um þróun loftgæða. Jafnframt beinir nefndin því til sveitarfélaganna að mikilvægt sé að fylga mælistöðvum í takt við þróun byggðarinnar á svæðinu.*

4.3 Vöktunaráætlun með öryggi neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu komi til eldgosa á Reykjanesi.

Lagt fram til kynningar Vöktunaráætlun með gæðum neysluvatns, komi til eldgosa á Suðurnesjum eða í námunda við vatnsból höfuðborgarsvæðisins.

Vöktunaráætlunin var samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins 26.02.2020 og send til kynningar í sveitarfélögunum í framhaldinu.




Jón Haukur Ílgvason




Sigurður Grétarsson




Ingibjörg Hauksdóttir



Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson



Elínbjörg Íngólfssdóttir



## Stjórn SSH 520. fundur

Mánudaginn 15. febrúar 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Málefni skíðasvæðanna - Framkvæmdir á skíðasvæðunum / málsnr. 1501005

Á 516. fundi stjórnar SSH var skrifstofu SSH falið að vinna að viðauka við Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018, til samræmis við framlagðar tillögur verkefnahóps um breytta tíma- og kostnaðaráætlun. Umraeddur viðauki hefur nú verið samþykktur á vettvangi allra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Fyrir fundinum liggur minnisblað VSÓ vegna fyrirhugaðs innkaupaferlis. Gestir fundarins undir þessum lið eru Einar Kristján Stefánsson frá VSÓ og Margrét Lilja Gunnarsdóttir, innkaupaskrifstofu Reykjavíkur.

#### Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar og málið tekið fyrir að nýju á fundi stjórnar SSH hinn 1. mars 2020. Framangreint verði kynnt á vettvangi þeirra sveitarfélaga sem óska eftir slíkri kynningu.

### 2. Sóknaráætlun – Áhersluverkefni 2021 / málsnr. 1906002

Á 515. fundi stjórnar SSH var ákveðið að birta auglýsingu þar sem óskað var eftir styrkumsóknum úr sjóði sem styðja á við nýsköpunarverkefni á sviði ferðapjónustu og sjálfbærni, en um er að ræða eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2020-2024. Á 516. fundi stjórnar voru Rósa Guðbjartsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir og Þorleifur Þór Jónsson skipuð í úthlutunarnefnd sjóðsins. Framlengdur umsóknarfrestur rann út hinn 31. janúar 2021 og bárust alls 14 umsóknir um styrki úr sjóðnum. Samkvæmt starfsreglum sjóðsins er úthlutunarnefnd ætlað að skila tillögum um styrkveitingar til stjórnar SSH sem tekur endanlega ákvörðun um úthlutun og liggja tillögur nefndarinnar fyrir fundinum.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH fellst á tillögur úthlutunarnefndar um styrkveitingar úr sjóðnum. Þá er skrifstofu SSH, í samráði við úthlutunarnefnd, falið að gera samninga við styrkþega, sbr. 6. gr. starfsregla sjóðsins. Úthlutunarnefnd er jafnframt falið að tilkynna öllum umsækjendum um afdrif umsókna þeirra og þá



er skrifstofu SSH falið að tilkynna um úthlutun á vefsíðu samtakanna, eftir að áðurgreindir samningar hafa verið gerðir, sbr. 6. gr. starfsreglnanna.

### **3. Samgöngusáttmálinn – fjármagnsskipan Betri samgangna ohf. / málsnr. 2012003**

Fyrirliggjandi er minnisblað frá stjórn Betri samgangna ohf. þar sem lagðar eru fram tillögur að mögulegum útfærslum fjármagnsskipunar félagsins, ásamt minnisblaði PwC varðandi þær útfærslur sem eru færar í því efni. Framkvæmdastjóri SSH hefur fundað með fjármálastjórum og endurskoðendum sveitarfélaganna vegna þessa. Gestir fundarins undir þessum lið eru Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. og Birgir Björn Sigurjónsson frá Reykjavíkurborg. Davíð Þorláksson kynnír tillögur um fjárfleði.

Lagt fram til kynningar.

Framangreint verði kynnt á vettvangi þeirra sveitarfélaga sem óska eftir slíkri kynningu.

### **4. Aðalfundur 2020 / málsnr. 2009001**

Fyrirliggjandi er erindi Sveins Óskars Sigurðssonar, bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ og fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, þar sem gerðar eru í nokkrum liðum athugasemdir við starfshætti svæðisskipulagsnefndar og gæðastjórnun í starfi SSH og nefndarinnar. Erindið var lagt fyrir 516. fund stjórnar SSH hinn 7. desember 2020 og var því þá vísað til skrifstofu SSH. Fyrir fundinum nú liggur minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur lögfræðings SSH þar sem fram kemur greining og afstaða til umræddra ábendinga. Jafnframt er fyrirliggjandi bréf framkvæmdastjóra SSH þar sem fram koma tillögur um viðbrögð á grundvelli framangreinds.

#### **Niðurstaða fundar:**

Stjórn leggur til við svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins að hún hefji rýni á núgildandi starfsreglum sínum með það að markmiði að endurskoða þær m.a. með tilliti til aukinnar skilvirkni og skýrleika og þess verklags sem nefndin telur best henta starfseminni.

### **5. Önnur mál**

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:15



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

## Fundargerð 97. fundar svæðisskipulagsnefndar

97. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 6. nóvember 2020 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi og á fjarfund. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um akvörðun samgöngu- og sveitarstjórnnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

**Reykjavík:**

Eyþór Laxdal Arnarlds

**Kópavogsbaer:**

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

**Hafnarfjarðarbær:**

Ólafur Ingi Tómasson

Daði Lárusson

**Garðabær:**

Sigurður Guðmundsson

Harpa Þorsteinsdóttir

**Mosfellsbær:**

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

**Seltjarnarnesbær:**

Ragnhildur Jónsdóttir

Karen María Jónsdóttir

**Kjósarhrepur:**

Maríanna Hugrún Helgadóttir

Varaformaður, Helga Hauksdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Ofanbyggðarvegur, skipulagsleg staða málsnr. 2010005 – kynning

Bryndís Friðriksdóttir og Erna Bára Hreinsdóttir frá Vegagerðinni tekur sæti undir þessum lið.

**Afgreiðsla**

*Svæðisskipulagsnefnd þakkar Vegagerðinni fyrir greinargóða kynningu. Svæðisskipulagsnefnd vísar umfjöllun um stofnvegakerfi og afkastagetu til umfjöllunar í fagráði.*

### 2. Urriðakotshraun – áform um friðlýsing, málsnr. 2010006

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 29.09.2020 þar sem kynntar eru áform um friðlýsingur Urriðakotshrauns í Garðabæ. Einnig lagt fram kort dags. 24.08.2020. Einnig lögð fram umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 05.10.2020.

**Afgreiðsla**

*Málinu vísað til framkvæmdaneftirar svæðisskipulagsnefndar.*

*Fulltrúar Hafnarfjarðarkaupstaðar leggja fram eftirfarandi bókun:*



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar dagsett 6. október 2020 vegna áforma um friðlýsingu Urriðakotshrauns var lögð fram í skipulags- og byggingarráði þann 6. okóber sl. Skipulags- og byggingarráð tók undir umsögnina og ítreka fulltrúar Hafnarfjarðarkaupstaðar þær áherslur sem þar koma fram.*

**3. Aðalskipulag Reykjavíkur. Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð, málsnr. 2010007**

Lögð fram drög að endurskoðun á Aðalskipulagi Reykjavíkur dags. sept. 2020 ásamt fylgigögnum og bréf dags. 15.10.2020

**Tillaga að afgreiðslu**

Lögð fram tillaga um frestun:

*Marianna Hugrún Helgadóttir og Sveinn Óskar Sigurðsson kjósa með frestun.*

*Eybór Laxdal Arnarlds, Helga Hauksdóttir Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Daði Lárusson, Sigurður Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Ásgeir Sveinsson, Ragnhildur Jónsdóttir og Karen María Jónsdóttir kjósa gegn frestun.*

***Tillaga feldi***

Helga Hauksdóttir Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Daði Lárusson, Sigurður Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Ásgeir Sveinsson, Ragnhildur Jónsdóttir og Karen María Jónsdóttir leggja fram eftirfarandi bókun:

*Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram ýmiss markmið og aðgerðir sem vísað er til útfærslur í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánari í aðalskipulagi.*

*Svæðisskipulagsnefnd bendir á að fjögurra ára þróunaráætlun um íbúðaruppbryggingu og aðra uppbryggingu er í vinnslu hjá SSH. Fyrstu tölur um áætlaða íbúðaruppbryggingu sveitarfélaganna til næstu fjögurra ára verða tilbúnar til rýni innan skamms og gætu þær kallað á endurskoðun varðandi áætlaða íbúðaruppbryggingu í tillögu að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur.*

*Eybór Laxdal Arnarlds og Sveinn Óskar Sigurðsson leggja fram eftirfarandi bókun:*

Í drögum að tillögu um breytingar á Aðalskipulagi „Nýr viðauki“ skortir á að nægt framboð af hagstæðu byggingarlandi sé tryggt. Uppsaferður skortur á íbúðum fer vaxandi miðað við nýjustu upplýsingar Samtaka lõnaðarins og er nauðsynlegt að borgin bjóði upp á fjölbreytta og hagkvæma valkostí. Í því sambandi væri nærtækt að heimila uppbryggingu á Keldum innan fimm ára, eða frá 2025. Þá er jafnframt mikið tækifær í að heimila íbúðir í Örfirisey þar sem þjónusta og verslun er þegar til staðar. Ekki er vikið að því að starfsemi olíubirgðastöðvar á að minnka um helming fyrir 2025. Þá er ekki mælt fyrir íbúðum við BSÍ reit sem þó er í hugmyndasamkeppni. Skortur á hagstæðu byggingarlandi mun áfram leiða til verðhækkaná á húsnæði í Reykjavík og gera ungu fólk og fyrstu kaupendum erfitt fyrir að velja borgina sem búsetukost. Í tillögunni er gert ráð fyrir yfir 4.000 íbúðum á flugvallarsvæðinu, en óraunhæft er að gera ráð fyrir þeim á skipulagstímabilinu. Tillagan gerir ekki ráð fyrir sveigjanleika hvað varðar notkunarheimildir atvinnuhúsnaðis. Undanfarin ár hafa sýnt hversu mikið getur breyst á stuttum tíma. Sú leið að hafa starfsemiskvóta án heimilda til sveigjanleika takmarkar notkunarmöguleika atvinnuhúsnaðis, ekki síst á jarðhæðum.



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

*Sveinn óskar Sigurðsson leggur fram eftirfarandi bókun:*

*Fulltrúi Miðflokkssins í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins sendi skeytí á varaformann svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins eftirfarandi skeytí fyrir 97. fund nefndarinnar: „Tillaga Sveins Óskars Sigurðssonar: „Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins leggst gegn þeim miklu byggingaáformum í Reykjavík sem ná m.a. yfir allan Reykjavíkurflugvöll. Einnig eru uppi áform um borgarlínu sem telst, að öllu óbreyttu óhagkvæm m.a. út frá þjóðhagslegum ávinningi sem telst lítt sem enginn. Óskað er eftir því að tillagan verði flutt á fundinum og borin undir atkvæði nefndarmanna. Meðfylgjandi er greinargerð sem óskað er eftir að fylgi með og verði látin inn á fundargátt svæðisskipulagsnefndar eins og önnur gögn sem þar eru.““. Varaformaður nefndarinnar hafnaði að taka tillögu þessa til afgreiðslu undir dagskráliðnum „Aðalskipulag Reykjavíkur. Endurskoðun á stefnu um ibúðarbyggð og blandaða byggð, málsnr. 2010007“ og tóku fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins í Hafnarfirði og Garðabæ undir með varaformanni svæðisskipulagsnefndar að hafna því að tillagan yrði borin upp, tillaga sem barst ásamt greinargerð fyrir fundinn. Tekið er undir bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins í Reykjavík. Að öðru leiti er situr fulltrúi Miðflokkssins hjá undir þessum dagskrálið. Meðfylgjandi er greinargerð sem fylgir þessari bókun.*

**4. Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2021, málsnr. 1510002**

Lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 5. október 2020 sem var lagt fyrir stjórn SSH 5. október 2020. Einnig lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra með tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 dags. 4.11.2020.

**Afgreiðsla**

*Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun dags. 4.11.2020 samþykkt. Vísad til aðildarsveitarfélaga til afgreiðslu.*

**5. Áform um stækken þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, málsnr. 2005001**

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 20.10.2020 þar sem kynntar eru hugmyndir að stækken þjóðgarðsins Snæfellsjökuls Einnig lagt fram kort dags. 06.10.2020, yfirlýsing dags. 20.10.2020 og tillaga að nýrri reglugerð um þjóðgarðinn Snæfellsjökul ódags.

**Afgreiðsla**

*Erindi vísad frá. Varðar ekki hagsmuni svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.*

*EKKI FLEIRA VAR GERT. FUNDI LAUK KLUKKAN 15:30*



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

### Fundargerð 98. fundar svæðisskipulagsnefndar

98. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 15. janúar 2021 kl. 13:30 á fjarfundi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

**Kópavogsþær:**

Helga Hauksdóttir  
Bergljót Kristinsdóttir

**Hafnarfjarðarbær:**

Ólafur Ingi Tómasson

**Garðabær:**

Sigurður Guðmundsson  
Harpa Þorsteinsdóttir

**Mosfellsbær:**

Ásgeir Sveinsson  
Sveinn Óskar Sigurðsson

**Seltjarnarnesbær:**

Ragnhildur Jónsdóttir  
Stefán Bergmann

Varaformaður, Helga Hauksdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

#### 1. Þróunaráætlun 2020 – 2024, kynning.

Kynning á tillögu að Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024. Samúel Torfi Pétursson frá VSÓ tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

*Tillaga kynnt.*

*Ólafur Ingi Tómasson – vék affundi 14:30.*

#### 2. Samþykki fundargerðar

Lögð fram til samþykktar 97. fundargerð svæðisskipulagsnefndar dags. 06.11.2020

Niðurstaða

*Fundargerð samþykkt*

Sveinn Óskar Sigurðsson situr hjá undir þessum lið og bókar eftirfarandi:

*Setið er hjá undir þessum lið þar sem formaður nefndarinnar hafnaði beiðni um að taka fyrir tillögu undir dagskrálið 3 í framangreindri fundargerð sem borin var upp af fulltrúa Miðflokkssins í nefndinni með stoð í yfirgrípsmikilli greinargerð. Óskað er eftir að fá málið tekið fyrir á næsta fundi undir sérstökum dagskrálið.*



### 3. Þróunaráætlun 2020 – 2024. Málsnr. 1812002

Lögð fram tillaga að Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 , dags. 15. janúar 2021 ásamt fylgigögnum: kortagrunnur og skapalón fyrir sveitarfélögin Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes, sem hefur verið unnin af verkfræðistofunni VSÓ fyrir skrifstofu SSH og svæðisskipulagsnefnd. Einnig lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 11.01.2021.

Í tillögnum kemur fram að vegna covid-19 sé mikil óvissa sem hefur áhrif á áætlanargerð sveitarfélaganna og mannfjöldaspá. Við lok árs 2020 eiga sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu yfir 8.000 óbyggðar íbúðir tilbunar í samþykkum deiliskipulagsáætlunum auk þess sem sveitarfélögin eru með yfir 15.000 íbúðir í virku deiliskipulagsferli. Miða við mannfjöldaspá þróunaráætlunar fyrir næstu fjögur ár verður þörf fyrir um 4.150 – 6.300 íbúðir eða um 1.000 – 1.600 íbúðir á ári. Í þessum tölum er tekið mið af áætluðum íbúðarskort sem var metinn um 2.200 íbúðir við ársbyrjun 2020 og hóflegri fólkssjölgun vegna covid – 19. Sé tekið mið af fyrirliggjandi uppbyggingaráformum sveitarfélaganna gera áætlanir þeirra ráð fyrir uppbyggingu um 1.930 íbúða að meðaltali á ári yfir tímabilið, eða um 9.000 íbúðir. Greining þróunaráætlunar dregur fram að ekki sé talin ástæða til að óttast offramboð af íbúðum yfir tímabilið, þar sem ýmsir markaðsráðandi þættir hafa einnig áhrif á framboð húsnæði, til dæmis lækkun húsnæðislánavaxta, aðgengi að fjármagni, atvinnuástand á byggingarmarkaði o.fl. sem geta haft áhrif á uppbyggingu og framboð húsnæðis. Einnig eru sveitarfélögin í þeirri stöðu að geta forgangsraðað uppbyggingu og/eða seinkað innviðaframkvæmdum ef þörf krefur. Greining þróunaráætlunar dregur einnig fram að við lok tímabilsins séu góðar líkur að húsnæðismarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu verði í jafnvægi – sér í lagi ef uppbyggingaraðilar hafa aðgang að fjármagni.

Niðurstaða:

*Svæðisskipulagsnefnd telur að fyrirliggjandi áform um íbúauppbryggini séu í góðu samræmi við fyrirsjánlega markaðspörf og fagnar því að meginþorri uppbyggingar til næstu fjögurra ára sé innan áhrifasvæðis hágæða almenningssamgangna. Nefndin leggur til við sveitarfélögin að þau taki mið af þróunaráætluninni í sínum aðgerðum í skipulags-og byggingarmálum.*

*Svæðisskipulagsnefnd áréttar mikilvægi þess að skrifstofa SSH, svæðisskipulagsnefnd, sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar fylgist vel með framvindu húsnæðismarkaðarins, þannig að hægt sé að bregðast við í tíma verði íbúaþróun önnur en áætlanir sýna, sér í lagi vegna covid-19. Einnig að framboð atvinnuhúsnæðis sé vaktað reglulega og farið í greiningu á eiginlegrí þörf til framtíðar.*

Vísað til kynningar og afgreiðslu sveitarfélaganna.

Sveinn Óskar Sigurðsson situr hjá undir þessum lið og bókar eftirfarandi:

*Hér er ekki um að ræða metnaðarfulla áætlun, því miður. Megin áhersla á að vera að boðið sé upp á gnótt lóða enda skylda sveitarfélaga að hafa eins mikið framboð á lóðum og kostur er til að tryggja að verðlag á lóðum hækki ekki. Hér virðast sveitarfélögin sameinast um að halda uppi verði á lóðum gegn hagsmunum íbúa höfuðborgarsvæðisins. Þetta leiðir til þess að fólk flyst af svæðinu og stéttaskipting eykst í samféluginu með tilsvarandi ójöfnuði og aðstöðumun fólks. Síðustu áratugi hefur lóðarstefna R-listans verið tekin upp af öðrum sveitarfélögum en níverandi vinstri stjórn í Reykjavík er afsprengi þess lista. Sú lóðastefna hefur aukið þenslu, skapað meiri ójöfnuð og hækkað lóðarverð úr öllu hófi. Þessi áætlun hér er hluti af þessari þróngsýnu hugmyndafræði þrátt fyrir það framboð sem getið er hé*



## Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

um. Það er ekki nærri nógum mikil og skiptir litlu um áhrif af COVID 19 eða ekki. Rétt er að þakka öllu því fagfólk sem kom að þessari vinnu og fulltríum VSÓ fyrir fagleg vinnubrögð. Hér er aðeins um að ræða gagnrýni á þá pólitísku stefnu og sýn sem þessi áætlun byggist á, þ.e. stefnu um skipulagðan lóðaskorti og hátt lóðaverð á höfuðborgarsvæðinu sem er ígildi skattlagningar á bæði ibúa og fyrirtæki. Nog er til af landi á höfuðborgarsvæðinu til að tryggja lægra lóðaverð og þannig lægra fasteignaverð. Það er alvarlegt að sveitarfélög, sbr. Reykjavíkurborg, beiti sér á skipulagsstigi byggingasvæða og skipulags og krefjist kaupréttar á byggðum fermetrum af þróunaraðilum (byggingaraðilum) gegn því að þéttig verði meiri og byggingamagn einnig. Þetta er stórvorasöm þróun og í raun umboðsvandi skipulagssviða begar kemur að þróun og skipulagi almennt. Ekki er séð að þetta stefna, sem er pólitísk þvingunarstefna, hafi skilað sér í lægra lóðaverði til eða fasteignaverðs fyrir almenning.

### 4. Urriðakotshraun – áform um friðlýsing, málsnr. 2010006

Á síðasta fundi svæðisskipulagsnefndar var erindinu vísað til fagráðs og framkvæmdarnefndar og er nú lagt fram að nýju bréf Umhverfisstofnunar dags. 29.09.2020 þar sem kynnt eru áform um friðlýsingur Urriðakotshrauns í Garðabæ. Einnig lagt fram kort dags. 24.08.2020. Einnig lögð fram umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 04.10.2020 br. 11.01.2021

Niðurstaða:

*Svæðisskipulagsnefnd tekur undir umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 4.11.2020 br. 11.01.2021 og hvetur til að samráð verði haft við Vegagerð og skrifstofu SSH við nánari útfærslu friðlýsingar.*

### 5. Landsskipulagsstefna 2015-2026, viðauki. Málsnr. 2011012

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 13. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 dags. nóvember 2020, sem auglýst er til kynningar ásamt umhverfismati í samræmi við lög nr. 123/2010 og 105/2006 og reglugerð nr. 1001/2011. Í tillögnum er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála og tekur hún eftir atvikum til allra viðfangsefna gildandi landsskipulagsstefnu. Auk þess felur tillagan í sér breytingar á gildandi landsskipulagsstefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða m.t.t. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða. Skipulagsstofnun hélt opinn hagsmunaaðilafund vegna tillögunnar 19.11.2020 og lokaðan fund fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu og opinbera starfsmenn þann 04.12.2020.

Niðurstaða

*Svæðisskipulagsnefnd fagnar viðbætum við landsskipulagstefnu og telur þær samræmast meginmarkmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040, sér í lagi kaflar um loftslag og skipulag, um 20 hverfið og um heilsuvæna byggð og landnotkun.*

*Nefndin telur jákvætt að Skipulagsstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti ætli að hafa frumkvæði um framkvæmd ýmissa verkefna og gerð leiðbeininga, til dæmis smíði upplýsingagáttar um losun og bindingu gróðurhúsaloftegunda vegna mismunandi landnotkunar – gæta þarf bess að stefna landsskipulagsstefnu sé fjármögnud svo fyrrgreind verkefni nái fram að ganga.*



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

---

#### 6. Sn Ráðagerði-verslun og þjónusta. Málsnr. 2012006

Lagt fram bréf dags. 21.12.2020 þar sem kynnt er á vinnslustigi breyting á aðalskipulagi Seltjarnarnesbaðar 2015-2033 og deiliskipulagi Vestursvæðis og Ráðagerðis. Um er að ræða lýsingu á breyttu aðal- og deiliskipulagi Vestursvæðis vegna Ráðagerðis vegna verslunar og þjónustu. Stefnt er að því að heimila veitingastað í flokki II á umræddu svæði.

Niðurstaða

*Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsingu.*

#### 7. Gb Urriðaholt-norðurhluti 4-Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Málsnr. 2012004

Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Garðabæjar dags. 18.12.2020 þar sem óskað er eftir umsögnum umsagnaraðila vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030, Urriðaholt, og tillaga að deiliskipulagi Urriðaholt, Norðurhluti 4. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar nær til svæðis norðan við Urriðaholtsstræti og er markmið aðalskipulagsbreytingarinnar að setja fram á skýran hátt að íbúðarbyggð er heimil á því svæði sem þarna er vísað til ásamt atvinnuhúsnaði.

Niðurstaða

*Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu að aðalskipulagi eða deiliskipulagi.*

#### 8. Endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar 2020, skipulagslýsing. Málsnr. 2011010

Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar dags. 03.11.2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna skipulagslýsingar um endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013 – 2025. Einnig er lögð fram skipulags- og matslýsing dags. 5.10.2020. Einnig lögð fram umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 15.01.2021.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd tekur undir umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 15.01.2021.

---

#### 9. Brekkuás búsetukjarni, Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Málsnr. 2011007

Lagt fram bréf dags. 9.11.2020 þar sem óskað er eftir umsögn á skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030. Breytingin felur í sér breytingu á landnotkun fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Niðurstaða

*Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu.*

#### 10. Garðaholt og Garðahverfi, Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Málsnr. 2011006

Lagt fram bréf dags. 9. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir umsögn fyrir breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030. Breytingin felur í sér ýmsar lagfæringar og breytingar á afmörkun landnotkunar.



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða

*Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu.*

**11. MOS Aðalskipulagsbreyting í landi Dallands. Málsnr. 1809002**

Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 17. desember þar sem óskað er eftir umsögn fyrir breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 – 2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér stækkan á landbúnaðarlandi.

Í svæðisskipulaginu er lögð áhersla á að vernda landbúnaðarland. Áform Mosfellsbæjar eru í góðu samræmi við stefnu svæðisskipulagsins.

Niðurstaða

*Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að aðalskipulagsbreytingu.*

Ekki fleira var gert. Fundi lauk klukkan 15:10



Reykjavík, 24. febrúar 2021

Fundargerð 222. fundar

Tilvísun: 2101002

Miðvikudaginn 24. febrúar var haldinn 222. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 13:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir. Gunnar Einarsson var fjarverandi, í hans stað var Guðjón E. Friðriksson.

Jafnframt sat fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Póra Kristín Ásgeirs dóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi, Halla Bergþóra Björnsdóttir löggreglustjóri og Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlöggregluþjónn. Viðir Reynisson yfirlöggregluþjónn var gestur fundarins.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Ásdís Gíslason.

Þetta gerðist:

## 1. Jarðskjálftahrina á Reykjanesskaga

Farið yfir stöðu mála og viðbúnað vegna öflugrar jarðskjálftahrinu sem hófst að morgni 24. febrúar á Reykjanesskaga. Ríkislöggreglustjóri hefur ákveðið að lýsa yfir hættustigi vegna skjálftanna til þess að samhæfa aðgerðir og verklag viðbragðsaðila og stofnana. Áhyggjur eru af svæðinu austan við Kleifarvatn og að Bláfjöllum þar sem þar geta orðið skjálftar yfir 6 að stærð, en slíkir skjálftar geta valdið slysum á fólk og tölverðu tjóni. Áhersla dagsins sé því að fólk hugi að forvörnum á heimilum og vinnustöðum

Afgreiðsla: Áhersla verði lögð á samhæfðar aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn almannavarnanefndar munu sjá um upplýsingagjöf til sveitarfélaganna.

## 2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 13:20.

**Fundir vegna AHS verða boðaðir eftir þörfum.  
Næsti skipulagði fundur stjórnar er föstudaginn 26. febrúar.**

f.h. Reykjavíkurborgar,  
Dagur B. Eggertsson

f.h. Garðabæjar,  
Guðjón E. Friðriksson

f.h. Kópavogsbærar,  
Árman Kr. Ólafsson

f.h. Mosfellsbæjar,  
Haraldur Sverrisson

f.h. Hafnarfjarðar,  
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Seltjarnarnesbæjar,  
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á næstu síðu.



Reykjavík, 26. febrúar 2021

Fundargerð 223. fundar

*Tilvísun: 2101002*

Föstudaginn 26. febrúar var haldinn 223. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 10:10.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri og Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## **1. Ársreikningur 2020, fyrri umræða**

Fyrri umræða um samstæðuársreikning SHS fyrir árið 2020.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS 2020, drög, ódags.
- Minnisblað vegna ársreiknings SHS 2020, dags. 26. febrúar 2021.
- Endurskoðunarskýrsla Grant Thornton vegna ársreiknings SHS 2020, drög, dags. 26. febrúar 2021.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## **2. Staðsetning nýrrar slökkvistöðvar**

Skoðuð möguleg staðsetning við Tónaharf 2 í Kópavogi fyrir nýja slökkvistöð.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## **3. Brunar á urðunarsvæði Sorpu í Álfnesi**

Farið yfir bruna sem orðið hafa á urðunarsvæði Sorpu í Álfnesi frá árinu 2004.

*Afgreiðsla:* Slökkviliðsstjóra falið að fara yfir stöðuna með forstjóra Sorpu.

#### **4. Óleyfisbúseta og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði**

Niðurstöður vinnuhóps um óleyfisbúsetu og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði kynntar, sem og tillögur samráðsvettvangs um sama efni varðandi úrbætur í málaflokknum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Skýrsla vinnuhóps um óleyfisbúsetu og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði, dags. 28. janúar 2020.

*Afgreiðsla:* Stjórn leggur til að athugað verði hvort ekki sé rétt að vinna að nýrri kortlagningu á óleyfisbúsetu í samvinnu við fleiri aðila sem málið varðar.

#### **5. Innri endurskoðunaráætlun SHS**

Innri endurskoðunaráætlun SHS fyrir árin 2021 – 2022 kynnt.

*Afgreiðsla:* Samþykkt.

#### **6. Breyting á lögum um ársreikninga**

Breytingar urðu á lögum um ársreikninga með lögum nr. 102/2020 sem taka þarf tillit til í skýrslu stjórnar með ársreikningum frá og með ársreikningi 2020.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf frá endurskoðunarnefnd um breytingu á lögum um ársreikninga, dags. 17. febrúar 2021.

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### **7. Samningaviðræður við SÍ vegna sjúkraflutninga**

Farið yfir stöðu mála í samningaviðræðum SHS og Sjúkratrygginga Íslands vegna sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Núverandi samningur rennur út í lok júní.

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### **8. Lífeyrissjóðurinn Brú**

Farið yfir stöðu mála vegna bakreiknings frá Lífeyrissjóðnum Brú vegna samtímagreiðslu lífeyrisskuldbindinga á árunum 2017 – 2019.

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### **9. Starfsánægjukönnun**

Farið yfir viðbrögð stjórnenda vegna síðustu starfsánægjukönnunar meðal starfsmanna SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað um starfsánægjukönnun, dags. 22. febrúar 2021.

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### **10. Önnur mál SHS**

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 11:15.

**Fundir vegna AHS verða boðaðir eftir þörfum.  
Næsti skipulagði fundur stjórnar er föstudaginn 19. mars.**

f.h. Reykjavíkurborgar,  
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbærjar,  
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,  
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabærjar,  
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbærjar,  
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbærjar,  
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á næstu síðu.

Fylgiskjöl:

SHS:

- Ársreikningur SHS 2020, dags. 26. febrúar 2021.
- Minnisblað vegna ársreiknings SHS 2020, dags. 26. febrúar 2021.
- Endurskoðunarskýrla Grant Thornton vegna ársreiknings SHS 2020, drög, dags. 26. febrúar 2021.
- Skýrla vinnuhóps um óleyfisbúsetu og fjöldaskráningar í íbúðarhúsnæði, dags. 28. janúar 2020.
- Bréf frá endurskoðunarnefnd um breytingu á lögum um ársreikninga, dags. 17. febrúar 2021.
- Minnisblað um starfsánægjukönnun, dags. 22. febrúar 2021.

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 336. fundur

Föstudaginn 19. febrúar 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 11:00.

### Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS) , Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Fjármál – staðan.
2. Greiðslukerfi (Klapp).
3. Fundur með hagsmunaaðilum.
4. Innri endurskoðun 2021.
5. Önnur mál.

### Tekið fyrir:

#### 1. Fjármál- staðan.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála.

#### 2. Greiðslukerfi (Klapp).

Daði Áslaugarson, deildarstjóri upplýsingatækniðala hjá Strætó, fór yfir stöðuna á innleiðingu nýs rafræns greiðslukerfis hjá Strætó. Gert er ráð fyrir að taka hluta kerfisins í notkun fljótegla eftir pásku og í framhaldinu verður unnið áfram að innleiðingu á frekari virkni kerfisins, t.d. varðandi greiðsluþak, snertilausar greiðslur o.fl.

Markús Vilhjálmsson, sölustjóri Strætó, fór yfir breytingar á gjaldskrá og greiðslumiðlum við upptöku nýs rafræns greiðslukerfis.

#### 3. Fundur með hagsmunaaðilum.

Umræða um skipulagningu á opnum fundi með hagsmunaaðilum verður tekin síðar þegar samkomutakmörkunum verður aflétt.

#### 4. Innri endurskoðun 2021

Fyrir fundinum lá bréf endurskoðunarnefndar, dags. 02.02.2021 varðandi innri endurskoðun Strætó 2021.

Stjórn samþykkir að fela stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að leita samkomulags við Deloitte ehf. varðandi framhald ráðningar vegna innri endurskoðunar Strætó um eitt ár þ.a. Deloitte ehf. annist innri endurskoðun byggðasamlagsins fyrir árið 2021.

Fyrir fundinum lá bréf frá endurskoðunarnefnd, dags. 17.02.2021, þar sem kynntar eru breytingar á lögum um ársreikninga með lögum nr. 102/2020.

## 5. Önnur mál

---

Rætt var um möguleika á að verktakar geti komið með vagna sem ganga fyrir umhverfisvænum orkugjafa

Fundi slitið kl. 13:00.

---

Hjálmars Sveinsson

---

Karen Halldórsdóttir

---

Helga Ingólfssdóttir

---

Ásgeir Sveinsson

---

Sigrún Edda Jónsdóttir

---

Gunnar Valur Gíslason

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2021, miðvikudaginn 17. febrúar 2021 haldinn 389. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og hófst kl. 08:35.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltested Kópavogi og Björg Fenger Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram afrit af bréfi Skíðaráðs Reykjavíkur dags. 17. janúar til ÍBR vegna seinkunar og forgangsröðunar á uppbyggingu skíðasvæða.
2. Lagt fram bréf Skíðasambands Íslands og Skíðagöngufélagsins Ullar dags. 29. janúar 2021 vegna þjónustu á skíðagöngusvæðinu í Bláfjöllum.
3. Lagt fram bréf Skíðagöngufélagsins Ullar dags. 8. febrúar 2021 varðandi aðstöðumál í Bláfjöllum.
4. Rætt um gerð nýs þjónustusamnings milli sveitarfélaga um rekstur skíðasvæðanna en samningurinn rennur út í lok árs 2021.
5. Lögð drög að fjárfestingaáætlun 2021-2026.  
Frestað.
6. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 15. feb. 2021 um stöðuna í fjöllunum. Opið hefur verið 7 daga fyrir almenning, 36 daga fyrir gönguskíði og 32 daga fyrir æfingar. Mjög blautt er á svæðinu og beðið eftir að vatn sjatni svo hægt sé að opna.

Fundi slitið kl. 10:05.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltested  
Rúnar Bragi Guðlaugsson  
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson  
Björg Fenger

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	15.02.21
Málalykill	00.2
Mál nr.	2102266



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Garðabær  
Garðatorgi 7  
210 Garðabær

Reykjavík 10. febrúar 2021  
Tilv.: MMR20110358/2.2.5.2

Efni: Ósk um tilnefningu í skólanefnd Fjölbautaskólans í Garðabæ 2021-2025

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og menningarmálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Skipunartíma núverandi skólanefndar við Fjölbautaskólann í Garðabæ lýkur 14. mars 2021. Af ofangreindu tilefni er þess farið á leit, að Garðabær tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefnd Fjölbautaskólans í Garðabæ.

Þess er óskað að tilnefningarnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 26. febrúar næstkomandi. Vinsamlegast látið fylgja heimilisfang og kennitölu tilnefndra aðila.

Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði fjórir einstaklingar, tveir karlar og tvær konur. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Tilnefningaraðila er heimilt að vikja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess. Er þetta gert með skírskotun til ákvæðis 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Fyrir hönd ráðherra

Björg Þetursdóttir

María Þorgerður Guðfinnsdóttir

## Tillaga: Þróunarsvæði A

**Flutningsmaður:** Sigurður Guðmundsson formaður skipulagsnefndar

### Tillaga:

Bæjarstjórn samþykkir að hafin verði skipulagsvinna á rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði A, Lyngás, Miðbær og Hafnarfjarðarvegur, sem skilgreint er í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Þá verði samhliða hafin vinna við deiliskipulag fyrir Álftanesveginn frá Engidal að Reykjaneshreppi.

### Greinargerð:

Árið 2016 var haldin hugmyndasamkeppni um rammaskipulag svæðisins við Hafnarfjarðarveg. Höfundar vinningstillögunnar voru Batteríið, Landslag og Mannvit sem unnu tillöguna áfram og var að lokum samþykkt sem rammaskipulag árið 2017.

Í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er svæðið skilgreint sem þróunarsvæði A. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, er svæðið skilgreint sem bæjarkjarni þar sem gert er ráð fyrir einni biðstöð borgarlínu.

- Bæjarkjarni í svæðisskipulagi er skilgreindur sem svæði með fjölbreyttri starfsemi; þjónustufyrirtæki, verslanir, skrifstofur og afþreying sem þjónar heilu sveitarfélagi eða hverfishluta. Gera skal ráð fyrir a.m.k. einni stoppistöð hágæðakerfis almenningssamgangna, Borgarlínu, og góðu aðgengi að strætisvagnaleiðum. Þéttleiki er mikill. Íbúðarhúsnaði þarf að vera fjölbreytt að gerð og eignarhaldi, ávallt skal hluti íbúða vera á viðráðanlegu verði. Gott aðgengi að almenningsgörðum og góðum almenningsrýmum og/eða náttúruríkum svæðum. Göngu- og hjólavænt umhverfi sem er skjolgott, gleður augað og hvetur til útiveru.
- Borgarlínan er hágæða almenningssamgangnakerfi sem mun aka að mestu í sérrými og hafa forgang á gatnamótum. Þannig styttist ferðatími og tíðni ferða eykst. Borgarlínunni má líkja við slagæð sem flytur fólk á greiðan og öruggan máta eftir helstu samgöngu- og þróunarásum höfuðborgarsvæðisins. Borgarlínan og Strætó verða tvinnuð saman í heildstæðu, hágæða leiðaneti en auk þess verður áhersla lögð á að borgarlínustöðvar séu vel tengdar hjóla- og göngustígum.

Svæðið er vel staðsett, það er í nálægð við grunnþjónustu sveitarfélagsins s.s. grunnskóla, leikskóla og íþróttasvæði. Stutt er í opin svæði og leiksvæði ásamt því að vera í mikilli nálægð við stofnæðar og almenningssamgöngur. Mikilvægt er að áhersla verði á blandaða byggð, gæði borgarrýmis og mannlífs og borgarlínu í skipulagsvinnunni.

Lagt er til að hafin verði vinna á tækni- og umhverfissviði að undirbúa skipulagsvinnu á rammahluta aðalskipulags á þróunarsvæði A, Lyngás, Miðbær og Hafnarfjarðarvegur. Þar sem lögð verður fram tillaga að skipulagslýsingu fyrir rammahluta aðalskipulags á þróunarsvæði A þar sem m.a. verður áhersla á blandaða byggð, gæði borgarrýmis og mannlífs auk borgarlínu í tengslum við flutning Hafnarfjarðarvegar í stokk. Jafnframt verði lögð fram tillaga að skipulagslýsingu vegna deiliskipulags fyrir Álftanesveginn frá Engidal að Reykjaneshreppi.

Skipulagsvinnuna þarf að vinna í samvinnu við SSH, verkefnastofu Borgarlínu, Vegagerðina, Betri samgöngur ohf. og Hafnarfjarðabæ, auk þess sem íbúar Garðabæjar munu koma að skipulagsvinnslunni í samræmi við skipulagslög.